

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1492  
komudagur 22.4.2005



Samtök verslunar og þjónustu  
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

20. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um sölu áfengis og tóbaks, 241.mál, sala léttvins og bjórs

SVP- Samtök verslunar og þjónustu fagna þessu frumvarpi sem felur í sér bættu löggjöf varðandi sölu léttvins og bjórs. Samtökin hafa frá upphafi haft það á málefnskrá sinni að vinna að því að heimila almennri verslun að annast sölu á léttvíni og bjór þannig að umrætt frumvarp, sem flutt er af mörgum ungum þingmönnum í þverpólitísku litrófi felur í sér fyrirheit um að smásala með þessar drykkjarvörur færist til sama horfs og tíðkast í flestum löndum heims. Þetta staðfesti að Ísland er nútímalegt fjölmenningsþjóðfélag þar sem verslunarþjónusta mótast af neyslumynstri og viðhorfum í landinu á hverjum tíma.

SVP hafa endurtekið látið fagaðila gera viðhorfskannanir meðal almennings á kosninga- og kjörgengisaldri. Þessar kannanir hafa ætíð sýnt að meirihluti er fyrir því að léttvín og bjór verði selt í almennum verslunum og þéttriðið verslunarnet einkarekinnar verslunar þannig nýtt til að jafna aðgengi landsmanna að þessum vörum.

SVP lýsa sig því samþykka umræddu frumvarpi, en telja þó að gjald það sem tilgreint er í 6.gr., 30.000 kr. vegna smásöluleyfis sé óeðlilega hátt. Ekki kemur þarna fram til hversu langs tíma leyfið nær, en umrædd athugasemd miðast við 1. ár. SVP telja að fortakslaust bann við veitingu smásöluleyfis til tilgreindra sölustaða í 2.mgr.10.gr. sé ofstjórnun, sérstaklega ef ekki eru um aðra tegund sölustaða að ræða í fámönnum byggðum.

SVP hvetja Alþingi til að samþykkja umrætt frumvarp sem bætir verslunarþjónustu í landinu og jafnar stöðu rekstraraðila.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður Jónsson'. The signature is fluid and cursive.

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri